



**ORKUSTOFNUN**

Þyngdar-, segul- og hæðarkort af Torfajökli  
og umhverfi. Sýnishorn úr gagnasafni fyrir  
Ísland

**Karl Gunnarsson**

**Greinargerð KG-95-07**



## **PYNGDAR-, SEGUL- OG HÆÐARKORT AF TORFAJÖKLI OG UMHVERFI. SÝNISHORN ÚR GAGNASAFNI FYRIR ÍSLAND**

Á Jarðeðlisfræðideild Orkustofnunar hefur að undanförnu verið unnið að gerð þyngdarkorts af landinu og nálægum hafsvæðum. Til þess hefur þurft að safna saman ýmsum þyngdargagnasöfnum og vinna þau saman. Tölrunum upplýsingum um landhæð og sjávardýpi hefur einnig verið safnað saman, og og eru það nauðsynleg gögn fyrir úrvinnslunni. Einnig hefur verið safnað segulmæligögnum af sama svæði.

Hér eru sýnd dæmi um gögn á Íslandi, og fylgja teikningar á þyngd, segulsviði og hæðarlínum í Torfajökulseldstöðinni og svæðinu umhverfis. Kortin eru teiknuð með GMT-forritum. Kvarðinn er 1:500.000.

**Þyngdarkortið** (1. mynd) byggir á gögnum Orkustofnunar sem lýst er í skýrslu Gunnars Þorbergssonar o.fl. (1990). Torfajökulseldstöðin kemur fram sem kringlótt hæð, um 10-15 mgal að stærð inni í víðari lægð yfir suðurenda gosbeltisins. Mælipunktar eru sýndir með stjörnum, og eins og sjá má eru gögnin nægjanlega þétt til að sýna stóru drættina í fráviku, en ekki smáatriðin. Útlínur jöklar eru sýndar sem bakgrunnur. (Ár og strandlína eru úr erlendum gagnagrunni sem fylgir GMT-forritum. Þessi gögn eru sum eru heldur gróf og með villum, og illa nothæf til nákvæmari teikninga af landshlutum).

**Segulkortið** (2. mynd) byggir á net-gögnum sem fengin hafa verið frá Raunvínsindstofnun (Leó Kristjánsson o.fl., 1991). Þessi gögn eru unnin úr flugsegulmælingum Raunvínsindastofnunar. Þau eru sýnd sem samfellt litabreyting á kortinu. Neikvætt frávik er í miðri Torfajökulseldstöðinni, en þó er ekki einfalt samband þyngdar- og segulfráviks.

**Landlagskortið** sýnir þjár hæðarlínur, 600, 900 og 1500 m. Auk þessara líma liggja fyrir á stofnuninni 100, 200 og 300 m línum. Þessi gögn koma til JEL frá Skúla Víkingssyni úr safninu fyrir ArcInfo. Þar sem langar línum eru bútaðar niður, og ekki alltaf samfeldar, er oft erfitt að skyggja innan svæða (sjá dæmi á 4. mynd) nema frekari vinnsla og endurröðun komi til.


Sem stendur eru þessi gagnasöfn a vinnslustigi og ekki formlega uppsett. Þau forrit sem notuð var fyrir meðfylgjandi myndir má nú finna á svæði " /seis/lg/mag/torfaj " (óvist er þó hversu lengi forrit og gögn haldast óbreytt). Þar eru tekniforritin einkennd með nafn.g. Þar og í skeljaforritum (nafn.sh) má sjá hvar gögnin eru sótt.

### **RITASKRÁ:**

Gunnar Þorbergsson, Ingvar Þór Magnússon og Guðmundur Pálason, 1990. *þyngdarmæligögn og þyngdarkort af Íslandi*. OS-90001/JHD-01, Reykjavík, júlí 1990.


Leó Kristjánsson, Geirfinnur Jónsson og Marteinn Sverrisson, 1991. *Magnetic surveys of Iceland*. Tectonophysics 189, bls. 229-247.

Trausti Einarsson, 1954. *Survey of Gravity in Iceland*, Vísindafélag Íslendinga, no XXX, 68s.




GMT Oct 3 13:03 ORKUSTOFNUN/KG


Mynd 1. Törfajökull – þyngdærgögð (Bouguer-frávik).



**Mynd 2. Torfajökull – flugsegulgögn.**  
( biátt>hvít>rautt>magenta samsv. -1000>0>1000>2000 nT )



Mynd 3. Torfajökull og nágrenni. Hæðarlínur 600, 900, 1500 m.  
Strandlínur og ár úr pscoast(vers.3)



GMT Oct 3 14:23 ORKUSTOFNUN/KG

Mynd 4. Torfajökull og nágrenni. Hæðarlínur 600, 900, 1500 m. Athugið að skygging innan 600 m línu spíllist vegna þess að línbútarnir eru ósamfelldir.